

Raunsæi '68-kynslóðarinnar 1970–1985

allir textar eru til lokaprófs

Nemendum er sérstaklega bent á Lista yfir stílbrögð sem er að finna aftast í bókmenntasögu.

Texti 1

Einar Már Guðmundsson er ykkur að góðu kunnur. Hver kannast t.d. ekki við verk hans *Engla alheimsins?* Í bókmenntasögu er birt brot úr ljóði sem hann orti ungur og nefnir „heimsókn“. Ljóðið er látið ávarpa ljóðmælandann í upphafserindinu og síðan skiptast ljóðið og ljóðmælandinn á orðum.

Ljóð Einars Mús endurspeglar vel hverjar hugmyndir ungu skáldanna voru um skáldskapinn í kringum 1970. Svaraðu hverjar þær hugmyndir voru eftir að hafa lesið ljóðið, og bættu síðan við svar þitt eftir lestur 4. hluta bókmenntasögunnar, Raunsæi '68-kynslóðarinnar.

...

héðan í frá erum við hjón
ég mun vera gríma þín
og ganga með þig sem felumynd
þú þarft aðeins
að opna augu þín fyrir hinu fagra

en ég er orðinn leiður
á jóhannesi úr kötlum á þjóðlegum
kvæðum um fjöll og firði
á þessum eilífu bænastundum með
réttlætinu

en ég er orðinn leiður á fegurðinni
sólin vorið og jöklarnir mega vera í friði
dýr og jurtir hef ég aðeins séð í
frystihólfum stórverslana

mér er alvara
orðin fara ekki í kröfugöngu
meðan þau læðast með veggjum
og þurfa að leigja út í bæ
og hér um slóðir er sá sem
býður hæst ávallt mesti nirfillinn
en snúðu nú plötunni við
ég þarf aðeins að skreppa fram og pissa

ljóðið þagnaði
horfði á gula veggina og sagði
þú ert að djóka
eða hefurðu yfirgefið mig
hví fyllirðu ekki flokk hinna framsæknu
sendir orðin í kröfugöngu
þú getur einnig selt þig hæstbjóðanda

Texti 2

Tilkynning frá Alheimssambandi Palla (Pauls' International Sane Society)

Palli var einn í heiminum
- en ekki lengur

Hann fór á námskeið í mannlegum samskiptum
hann fór á námskeið í mannlegum tjáskiptum
hann fór á námskeið í boðlegum fjarskiptum
fjarlægum boðskiptum
lagskiptum afskiptum
- fór svo á teskeið um boðin og búin

Palli fær engan frið í heiminum
- líf hans fer fram í hópum

Hópum sem kjafta og hópum sem skoða
hópum sem bjarga fólki úr voða
hópum sem ferðast um heiminn og landið
hópum sem mynda Alheimssambandið
- er ekki' furða 'ann sé laminn og lúinn

Nei Palli er ekki lengur einn í heiminum
nei Palli er ekki lengur einn
nei Palli er ekki lengur
nei nn

(Ísak Harðarson: Hvítur ísbjörn, 1985)

- a. Hvert er yrkisefnið?
- b. Er ljóðið hefðbundið eða óhefðbundið? Rök.
- c. Útskýrðu myndmál og önnur stílbrögð. Ekki nægir að nefna heiti myndmáls og stílbragða, þú þarft líka að útskýra þau vel. Notaðu textann, litaðu orð og útskýrðu t.d. úti á spássíunni.
4. Hvers vegna fellur ljóðið undir bókmenntastefnuna sem er kennd við nýraunsæi '68-kynslóðarinnar? (Góður rökstuðningur með dæmum.)

Texti 3

fjölmiðlarnir belgja sig út.
ræmurnar spanna minni
svefns og vöku:
sjálfumglöð andlit stjórnmálaprangara,
hrukkulaus andlit dægurgoða,
fett og brett andlit trúða.

dag eftir dag, ár eftir ár
sit ég í hægindastólum
og eldist.

ef ég geri mig líklegan
tilað rjúfa þessa martröð
þá ryðst fólaliðið útúr kassanum
og treður mig oní grænt áklæðið.

(Ólafur Haukur Símonarson: Má ég eiga við þig orð, 1973)

- a. Hvert er yrkisefnið?
- b. Er ljóðið hefðbundið eða óhefðbundið? Rök.
- c. Útskýrðu myndmál og önnur stílbrögð. Ekki nægir að nefna heiti myndmáls og stílbragða, þú þarft líka að útskýra þau vel. Notaðu textann, litaðu orð og útskýrðu t.d. úti á spássíunni.
- d. Hvers vegna fellur ljóðið undir bókmenntastefnuna sem er kennd við nýraunsæi '68-kynslóðarinnar? (Góður rökstuðningur með dæmum.)

Texti 4

Finndu eins mörg nýraunsæiseinkenni og þú getur í þessu ljóði **Guðlaugar Maríu Bjarnadóttur**. Skiptir kynferði höfundanna einhverju máli um yrkisefnið? Rökstyddu.

Það er leikur einn að fela
hvað sem er í óhreinatauskörfunni
það er leynistaðurinn
það er okkar einkavinnuherbergi
þar rúmast barinn og sigarettarnar
dömubindin og pillurnar
ljótu hugsanirnar hræðslan
magnleysið og sjálfsvirðingin.

Textar 5–6

Eftirfarandi textar endurspeglar hvernig óbundið mál var á tímabilinu 1970–1985. Hvernig? Teldu upp eins mörg atriði og þú getur.

(númer 5)

Halldór stendur undir sturtunni og er ánægður með það hvað timburmennirnir eru hógværir. Uppúr miðjum degi í gær birtist Hafliði Ingvarsson á teiknistofunni með þrjár hvítar. Til allrar hamingju var Kári fyrir austan fjall að makka með einhverri skólanefnd, svo það var ekki dregið strik meira þann daginn. Þau settust inná kaffistofu Hafliði, Halldór, Gunnar og Una og löptu úr þessum þrem. Una var send eftir fáeinum í viðbót því Hafliði vildi ólmur halda áfram. Gunnar letihaugurinn tók því feginshendi að sleppa úr járnateikningunum. Þegar allt var uppurið og Hafliði orðinn moldfullur og Gunnar farinn að röfla um að hann væri á ránkri hillu, giftur leiðinlegri konu, ætti heimska krakka, ljótan hund og byggi í viðbjóðslegu húsi, þá var steðjað á Lækjarbrekku og étið þar. Síðan var haldið á Óðal, þar sem Halldór drakk ekkert annað en koníak. Loks var stormað heim til Aðalbjargar sem gaf þeim kaffi og þúrtvín, en rak svo alla út nema Halldór. Það var kominn nýr dagur þegar Halldór snéri heimleiðis.

(númer 6)

- Ennþá betur, segir ljósan, láttu bara heyrast í þér.

Ég safna orku minni og gríp fast um handföngin og rembist einsog ég lifandi get.

- Kollurinn er kominn, segir ljósan, reyndu nú einu sinni duglega í viðbót.

Neminn réttir mér grímuna en ég banda henni aftur frá mér og tek á öllu því sem ég á til og allur líkami minn nötrar við átökin, nú verð ég að koma barninu frá mér.

Ég tek svo fast um handföngin að neglurnar skerast inn í lófana og rembist við að þrýsta barninu áfram, þangað til ég finn að það rennur liðlega frá mér.

Dugleg Stefanía, segir ljósan fagnandi, þú hefur eignast stelpu.

Það er einsog álög falli af mér við þessi orð.

Sú tilfinning að vera hjálparvana dýr viku fyrir sterkri kennd míns eigin sjálfs.

Aftur er ég orðin Stefanía, get haft hemil á geðbrigðum mínum og líkamshreyfingum, ég stjórnast ekki lengur af valdi sársaukans.

Texti 7

„Eftirfarandi er úr verki **Einars Más Guðmundssonar**, *Riddurum hringstigans*, og sýnir vel hvernig skáldið nýtir sér módernismann í sköpun sinni; textinn er myndvís og hann stendur á mótum frásagnar og ljóðrænnar tjáningar.“ Svo segir í bókmenntasögu. Æfðu þig nú í því að greina stílbrögð í textanum þar sem m.a. stílbragðið *stígandi* er allsráðandi. (Ath. fleiri en eitt stílbragð sömu tegundar eru í textanum, það nægir að finna eitt – en þú mátt finna fleiri ef þig langar til!)

- Finndu *endurtekningu* og litaðu rauða.
- Finndu *þversögn* og litaðu bláa.
- Finndu *ýkju* og litaðu græna.
- Finndu *persónugervingu* og litaðu brúna.
- Finndu *myndhverfingu* og litaðu fjólubláa.

1. Klaufhamarinn hans pabba

Á meðan ég hleyp niður nýbónaðan stigann með klaufhamarinn hans pabba í annarri hendinni situr Óli á olútanknum fyrir framan húsið.

Áður en ég veit af hef ég lamið Óla með klaufhamrinum í hausinn.

Óli æpir.

Óli skelfur.

Hausinn á Óla breytist í marga hausa. Óli hefur fjóra hausa.

Síðan glúkk: Upp úr burstaklipptu höfðinu skýst kúla, lítið hvítt egg, og tárin virðast hlaupa á undan Óla innum kjallaradyrnar á húsinu.

Ég stend einn eftir fyrir framan olútankinn sem er grafinn niður í jörðina. Aleinn með klaufhamarinn í hendinni. Með augunum sprengi ég tankinn í loft upp. Eldgular glæringar, stjörnuljós upp úr jörðinni.

Helvítis andskotans.

Ég bölvva klaufhamrinum.

Ég bölvva pabba sem á klaufhamarinn.

Ég bölvva Óla fyrir að vera með hausinn fyrir.

Ég bölvva búðinni sem selur klaufhamra.

Ég bölvva. Ég bölvva.

Niður með klaufhamarinn!

Hendur mínar. Ég og klaufhamarinn.

Ég er hvergi.

Höndum mínum hef ég fleygt upp á svalir.

Klaufhamarinn gref ég niður.

Ég er hvergi.

Olútankurinn hreyfir sig ekki þó ég hafi sprengt hann í loft upp með augunum. Engir fiðlutónar úr þakrennunni, bara brak.

Þegar ég heyri ópolinmóða rykkina í svalahurðinni veit ég að mamma hefur fengið símleiðis upplýsingar um málið.

Gegnum höfuð mitt heyri ég hvað Jóna mamma hans Óla hefur sagt. Óli, í gegnum höfuð mitt heyri ég mömmur okkar tala í síma.

Ég er ekki til.

Ég er hvergi.

Í kryppu á bak við öskutunnulok í ruslaportinu held ég að ósk mín rætist; í draumi flytja öskukallarnir mig burt. Burt burt með hinu ruslinu.

Ég er ekki til.

Upp að eyju rekur græna flösku; þegar prinsessan með slæðurnar losar tappann er ég reykrókur. Á einu andartaki breytist ég í risa. Öskutunnulokið er fljúgandi teppi. Nú er mamma komin út á tröppur. Úr ruslaportinu finn ég hvernig hún skimar í kringum sig. Hún skimar í kringum sig með alla þyngd sína í augunum.

Þetta er vonlaust mamma langar mig til að æpa. Bak við öskutunnulok hef ég afneitað tilveru minni.

Ég er ekki til.

Ég er hvergi.

Eina sönnunargagnið gegn mér er klaufhamarinn. Hann hef ég grafið. Nú keppast ormarnir við að afmá fingraför mín. Óli, þú ert bara að ljúga. Með söltum tárur hefur þú klegað mig; já ég bara spyr síðan hvenær hefur framburður grátandi barna verið marktækur? Ég sendi dómstólunum afrit af sál minni.

Ég er ekki til.

Ég er hvergi.

Jóhann Jóhann kallar mamma, sona Jóhann konu strax! Já það er ég Jóhann Pétursson sem heiti Jóhann. Mamma er að kalla í mig.

Rödd hennar endurómar í gluggum húsanna, skriður niður tröppurnar, inní ruslaportið til mín sem sit í kryppu bak við öskutunnulok.

Nei mamma þú verður að kveðast á við rödd þína í einrúmi.

Ég heyri ekki í þér. Ég svíf á öskutunnulokinu yfir hnöttinn.

Þegar mamma hefur kallað í mig dágóða stund leggja töflurnar af stað niður tröppurnar.

Jóhann!

Ég heyri.

Og skömmu síðar pikkar hún í mig með gulum teppabankara. Ég skrið undan öskutunnulokinu, upp nýbónaðan stigann, hundrað prósent lifandi vera.

Ég er til.

Lokaður inní herbergi.

Biðin eftir pabba.

Ég er til.

Textar 8–9

Samanburður:

Tómas Guðmundsson skáld (sjá Angurværð nýrrar aldar) orti ljóð sem náði strax miklum vinsældum og oft er sungið. Hér eru þrjú erindi af níu birt. **Pétur Gunnarsson** er greinilega undir áhrifum þessa ljóðs Tómasar þegar hann yrkir sitt ljóð, „i“, og birtist í ljóðabók hans *Splunkunýr dagur* (1973).

Hvað er ólíkt með ljóði Péturs og Tómasar? Skiptir hér máli að hvor höfundur tilheyrir hvor sinni bókmenntastefnu? Rök.

Í Vesturbænum

Það kvað vera fallett í Kína.
Keisarans hallir skína
hvítar við safírsænum.
En er nokkur yndislegra
- leit auga þitt nokkru fegra ‘
en vorkvöld í vesturbænum?

Því þá kemur sólin og sest þar.
Hún sígur vestar og vestar
um öldurnar gulli ofnar.
Og andvarinn hægir á sér.
Ástfangin jörð fer hjá sér,
uns hún snýr sér undan og sofnar.

Hér gnæfir hin gotneska kirkja.
Hér ganga skáldin og yrkja
ástarljóð úti við sæinn.
Og ungir elskendur mætast,
óskir hjartnanna rætast,
er húmið hnígur á bæinn.

(Tómas Guðmundsson)

i

það kvað vera fallett í kína
keisarahallirnar fullar af verkamönnum
ópíumrónar roknir syngjandi útá akrana
þjóðin skrifandi og læs
og veit nokkur yndislegra!
þessi þjóð sem átti ekkert nema grát sinn og hungur
í gær

fyrir hana syngur framtíðin í dag

london París róm eru ekki lengur með
njúork margefld kviksetning
áherzlu lífsins færast til
lífið streymir ekki gegnum kölkuð form

(Pétur Gunnarsson)